

SAMÞYKKT

um fráveitur í Fjarðabyggð

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Fjarðabyggð. Samþykktin gildir um fráveitur í eigu sveitarfélagsins og fráveitur í eigu annarra.

Með fráveitu í samþykkt þessari er átt við leiðslukerfi, þ.m.t. safnræsi og búnað til meðhöndlunar og hreinsunar skólps, svo sem sameiginlegar fráveitur í þéttbýli eða einstakra aðila, t.d. tengdar iðnaðarstarfsemi eða við einstök lögbyli eða frístundahús.

Rekstur fráveitu er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar Austurlands í samræmi við lög nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

2. gr.

Fráveita Fjarðabyggðar er B-hluta fyrirtæki í eigu Fjarðabyggðar. Sveitarfélagið ber ábyrgð á rekstri fráveitu Fjarðabyggðar samkvæmt 1. gr. og kostar framkvæmdir við þær. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir til þess fé á fjárhagsáætlun. Starfssvæði fráveitu sveitarfélagsins fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða þar um.

Veitusvið sveitarfélagsins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Fráræsi húseigna er eign húseiganda og endar í tengibrunni sem er eign lóðarhafa við lóðarmörk að aðliggjandi götu þar sem fráveita bæjarins tekur við. Á lóðarblaði skal koma fram staðsetning og tengikóti á stút fráveitu við lóðarmörk.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir heimæðum fráræsis að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Mannvirkjadeild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina ásamt tengikótum.

Sveitarfélaginu er heimilt að tengja stök hús í þéttbýli við rotþrær ef kostnaðarlegar eða tæknilegar forsendur krefjast þess. Eru þær eign bæjarins og á ábyrgð hans og hluti af fráveitu sveitarfélagsins, sbr. einnig 6. gr.

5. gr.

Sérhverjum eiganda fasteignar á starfssvæði fráveitu Fjarðabyggðar er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseign sinni og tengja það við fráveituna í samræmi við lóðaruppdrátt, byggingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru.

Húseigendur skulu halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana fráveitu bæjarins, hvort sem hún er einföld eða tvöföld. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið

og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær og siturlagnir.

14. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og að gæta þess að þær stíflist ekki.

15. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, eigi sjaldnar en annað hvert ár og skal húseigandi tryggja greiðan aðgang að þeim. Hreinsun fer fram á vegum Fjarðabyggðar eða þess aðila sem falin er framkvæmd verksins. Þegar hreinsun fer fram á vegum sveitarfélagsins ákveður mannvirkjadeild verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja góðan árangur.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með framkvæmd hreinsunar. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar samkvæmt ákvæðum reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

16. gr.

Fjarðabyggð annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð, þ.e. seyruelosun úr rotþró, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Austurlands annast eftirlit með starfsemi.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru, enda hafi viðkomandi starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, eftir því sem við á.

Umráðamenn eða eigendur fráveitna geta falið öðrum en Fjarðabyggð meðhöndlun seyru, enda framvísi þeir samningi til þriggja ára í senn, að lágmarki, við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Auk tilkynningar til Fjarðabyggðar skal umráðamaður eða eigandi fráveitu tilkynna heilbrigðisnefnd Austurlands um slíkan samning.

17. gr.

Þar sem húseignir í dreifbýli liggja utan vega sem þola ekki umferð hreinsibíla og ekki er kleift að koma þeim að rotþró er tæming rotþróa á ábyrgð og umsjón húseigenda. Við slíkar aðstæður getur Fjarðabyggð heimilað aðrar fráveitulausnir, s.s. kamar eða þurrsalerni, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands.

18. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birt er í B-deild Stjórnartíðinda.

19. gr.

Af þeim fasteignum í sveitarfélaginu þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar skal árlega greiða fráveitugjald (holræsagjald) og skal því varið til þess að standa straum af rekstri og viðhaldi fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Álagningarhlutfall skal ákveðið af bæjarstjórn samhliða ákvörðun álagningar annarra fasteignagjalda og fasteignaskatts og kynnt venju samkvæmt.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 með síðari breytingum, um sérstaka ívilnun gjaldanna. Einnig getur bæjarstjórn nýtt sér heimild í lögum nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulátilla elli- og örorkulífeyrisþega.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Álagning fráveitugjalds af nýbyggingum skal hefjast þegar foheldisvottorð eignar liggur fyrir.